



Borgarráð

Efni: Útgáfuáætlun skuldabréfa fyrir seinni hluta árs 2025

Lögð er fram til samþykktar eftirfarandi útgáfuáætlun vegna skuldabréfaútboða á seinni hluta ársins 2025.

- 24. september
- 22. október
- 19. nóvember
- 17. desember

Greinargerð

Samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 er gert ráð fyrir að lántaka borgarsjóðs nemi allt að 16.500 m.kr. á árinu. Lántakan verður framkvæmd með stækkun á virkum skuldabréfaflokkum borgarsjóðs, útgáfu á nýjum skuldabréfaflokkum, ádrætti á erlent lán frá CEB eða öðrum hætti sem álitinn er hagkvæmur út frá markaðsaðstæðum hverju sinni. Jafnframt kemur til álita að framkvæma skiptiútboð á árinu. Það sem af er árið 2025 hafa verið haldin fjögur skuldabréfaútboð eins og lagt var upp með í útgáfuáætlun skuldabréfa sem samþykkt var í borgarráði þann 9. janúar sl.

Hér eru einungis lagðar til ákveðnar dagsetningar útboða en sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs veitt heimild til útfærslu að öðru leyti, þ.e. hversu háa fjárhæð er stefnt að því að bjóða út í hvert sinn, hvaða aðilar hafa umsjón með útboðum og í hvaða skuldabréfaflokkum er boðið út. Markaðsaðstæður, fjárförf og sjóðsstaða borgarsjóðs eru breytilegar og því er nauðsynlegt að hafa svigrúm varðandi fyrirkomulag útboða.

Útgáfuáætlun er lögð fram til að auka fyrirsjáanleika á markaði en Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að bregða út af þessari áætlun, fella niður útboð og/eða bæta við útboðsdögum.

Niðurstöður hvers útboðs og tillögur verða lagðar fyrir borgarráð, daginn eftir útboð, til endanlegrar afgreiðslu og síðan kynntar opinberlega.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs